



**Félag eldri borgara
í Kópavogi**

Könnun FEBK 2026

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026



Um könnunina

- Framkvæmd dagana 7/2 – 13/2
- Netkönnun send á alla félagsmenn samkvæmt félagaskrá
- Viðtakendur voru 2.226 talsins
- Svarendur voru 667
- Svarhlutfall 30%



Aldur og kyn þátttakenda


Hver er aldur þinn? | Hvert er kyn þitt?






Á vinnumarkaði?

Ert þú starfandi á vinnumarkaði?




Félagsmiðstöðvar

Sækir þú félagsmiðstöðvar eldri borgara í Kópavogi?



Félagsmiðstöðvar


Hver er ástæðan fyrir því að þú hefur ekki sótt félagsmiðstöðvarnar?





Félagsmiðstöðvar


Hvaða félagsmiðstöð sækirðu oftast?





Félagsmiðstöðvar


Kaupir þú mat í félagsmiðstöðvum?






Félagsmiðstöðvar

Hver er ástæðan fyrir því að þú kaupir aldrei eða sjaldan mat í félagsmiðstöðvum?




Félagsmiðstöðvar

Hver er ástæðan fyrir því að þú kaupir aldrei eða sjaldan mat í félagsmiðstöðvum? **ANNAÐ**




Félagsstarf

Hefur þú tekið þátt í einhverju félagsstarfi á vegum FEBK?



Félagsstarf

Hver er ástæðan fyrir því að þú tekur aldrei eða sjaldan þátt í félagsstarfi á vegum FEBK?



Tómstundir

Hve mikinn áhuga hefur þú á að taka þátt í eftirfarandi tómstundum?

	Engan	Lítinn	Mikinn	
Tómstundir í félagsmiðstöðvum	14%	53%	32%	85%
Tómstundir utan félagsmiðstöðva	11%	46%	43%	89%
Spil og bingó	37%	38%	26%	75%

Tómstundir

Hvað annað tengt tómstundum ætti FEBK að bjóða upp á?

- Íþróttir, heilsa og líkamsrækt
- Fræðsla
- Tæknimál
- Handverk og handavinna
- Listir
- Hreyfing
- Samvera

Námskeið

Hve mikinn áhuga hefur þú á að taka þátt í eftirfarandi námskeiðum?

	Engan	Lítinn	Mikinn	
Námskeið um tómstundir	20%	45%	34%	79%
Námskeið um tæknimál, símamál o.fl.	13%	37%	50%	87%
Námskeið um söguleg efni	17%	44%	44%	88%
Íþróttanámskeið, t.d. pílunámskeið, golfnámskeið...	23%	35%	43%	78%

Ferðalög

Hve mikinn áhuga hefur þú á að taka þátt í eftirfarandi ferðalögum?

	Engan	Lítinn	Mikinn	
Ferðalög innanlands – 2 til 3 dagar	19%	44%	37%	81%
Ferðalög innanlands – 1 dagur	14%	33%	53%	86%
Ferðalög innanlands – hálfur dagur	20%	38%	42%	80%
Ferðalög erlendis	17%	35%	48%	83%

Heimsóknir

Hve mikinn áhuga hefur þú á að taka þátt í eftirfarandi heimsóknum?

Heimsóknir í stofnanir, söfn eða fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu á eigin bíl eða með öðrum í bíl

Engan

Lítinn

Mikinn

22%

40%

38%

78%

Heimsóknir í stofnanir, söfn eða fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu í rútu

28%

41%

31%

72%




Hreyfing

Hve mikinn áhuga hefur þú á að taka þátt í eftirfarandi hreyfingu?

	Engan	Lítinn	Mikinn	
Hreyfing – Meðlimur í Virkni og vellíðan	12%	28%	60%	88%
Hreyfing – Stólaleikfimi í félagsmiðstöðvum	43%	39%	18%	82%
Hreyfing- Jóga, Qigong, Boccia félagsmiðstöðvum	29%	40%	31%	71%
Útivist og hreyfing (gönguhópar í þéttbýli eða utan þéttbýlis, skokkhópar o.fl.)	14%	34%	52%	86%


Áhugi á að taka þátt í stjórn eða nefndum

Hve mikinn áhuga hefur þú á að taka þátt í stjórn eða nefndum félagsins?




Kostnaður

Hefur þú hætt við að sækja viðburði, námskeið eða fara í ferðalög á vegum FEBK vegna kostnaðar?



Félagsskírteini

Hve mikinn áhuga hefur þú á að hafa félagsskírteini eingöngu rafrænt í síma í stað plastkorts?



Aðrar ábendingar

Ef þú ert með einhverjar aðrar ábendingar en fram hafa komið að ofan um hvernig FEBK getur bætt þjónustu sína við félagsmenn þá viljum við gjarnan fá þær hér.

- Nei, finnst bara frábært að þetta sé til, á örugglega eftir að nýta það seinna.
- Mér sýnist félagið vera á réttri leið varðandi afþreyingu og þjónustu og ég mun líklega nota þjónustuna meira á næstu árum.
- Það mættu t.d. vera skvísuhittingar, jafnvel förðunarnámskeið. Vínsmökkun ofl skemmtilegt.
- Að bæta þjónustu við þá sem eru komnir í hjólastóla.
- Haldið áfram að gera það sem gert er í dag, bætið við söngstundum því það eykur gleði
- Fundi og fyrirlestra um hagsmunamál eldri borgara svo sem peningamál, skattamál lífeyrisréttindi maka eftir andlát lífeyrisþega og erfðamál.
- Byrja á að kynna starfið betur fyrir eldri borgurum Kópavogs. Vissi og veit ekkert um þetta starf og virkni þess.

Aðrar ábendingar

Ef þú ert með einhverjar aðrar ábendingar en fram hafa komið að ofan um hvernig FEBK getur bætt þjónustu sína við félagsmenn þá viljum við gjarnan fá þær hér.

- Þó félagið þurfi að sinna öllum aldurshópum þá mætti kannski miða starfið meira við meðalaldur félagsmanna.
- Það er mjög gott að hafa hvorutveggja í sambandi við kortin
- Viðburðir eins og t.d. Þorablót, eru í hádeginu. Af hverju má slíkt ekki byrja t.d. kl.: 17 eða 18? Ég hefði sótt ef svo hefði verið.
- Fría sundleikfimi.
- Ef félagsskírteinið yrði gert rafrænt þá væri þægilegt að það sé tengt debet- eða kreditkortum.
- Gott væri að ferðir væru ekki þegar uppseldar þegar þær eru kynntar á kynningardegnum.
- Fá umræður um þá þjónustu sem veitt er t.d. heimahjúkrun, íbúðarmál o.fl. sem tengist þessum aldurshóp.
- Atburðadagatal sem kæmi sjálfvirk í síma t.d.

Aðrar ábendingar

Ef þú ert með einhverjar aðrar ábendingar en fram hafa komið að ofan um hvernig FEBK getur bætt þjónustu sína við félagsmenn þá viljum við gjarnan fá þær hér.

- Gjarnann að vera sýnileg í baráttu eldri borgara og geta leiðbeint um réttindi þeirra.
- Halda hagræðingamót eða hæfileikakeppni
- Kannski eru 64-80 ára með aðra forgangsröðun eða áhugamál en 80+. Þarf að hafa í huga tvo frekar ólíka hópa.
- Gjábakki finnst mér vannýttur og þarf eitthvað til að rífa þann stað upp.
- Þetta Abler greiðslukerfi er alveg galið fyrirkomulag fyrir eldri borgara
- Leikhúsferðir, tónleikar
- Bara athæfi við þessa könnun, þ.e. svörin sem boðið er upp á varðandi áhuga. Hér vantar áhuga í meðallagi. Lítinn/Mikin/Engan. Þetta er of afgerandi.
- Er ný gengin í félagið og þekki ekki nóg til starfsins til að tjá mig um það.

Samantekt

- Meirihluti svarenda eru konur.
- Meirihluti svarenda er á aldrinum 70-79 ára.
- Um 20% svarenda eru enn á vinnumarkaði.
- Meirihluti svarenda sækir ekki félagsmiðstöðvarnar og eru helstu ástæður fyrir því þær að þeir hafa ekki þörf fyrir það eða áhuga, eru virkir í vinnu eða finna ekkert áhugavert í boði.
- Gullsmári er sóttur mun meira en hinar félagsmiðstöðvarnar. Spurning er hvort það er vegna staðsetningar eða vegna þess að þar er eitthvað öðruvísi þjónusta.
- Það er ekki mikið um að félagsmenn kaupi mat í félagsmiðstöðvunum og er ástæðan helst sú að flestir borða heimaeldaðan mat.
- Um þrír fjórðu félagsmanna taka aldrei eða sjaldan þátt í félagsstarfi á vegum félagsins. Ástæðurnar eru fyrst og fremst þær að fólk hefur ekki þörf fyrir það, er t.d. virkt í vinnu, að sinna fjölskyldu eða í öðru félagsstarfi.

Samantekt

- Þegar kemur að tómstundum þá hafa félagsmenn mestan og nánast jafnan áhuga á tómstundum utan eða innan félagsmiðstöðva. Spil og bingó þykja ekki áhugaverð.
- Svarendur hafa töluverðan áhuga á námskeiðum og þar virðist áhugi á tækni- og símamálum mestur en kannski minnstur á íþróttanámskeiðum.
- Áhugi á ferðalögum er einnig mikill og þar virðist áhuginn mestur á dagsferðum innanlands en áhugi á ferðum erlendis er einnig mikill. Áhuginn er kannski einna minnstur á hálfs dags ferðum innanlands.
- Áhugi á heimsóknum til stofnana, safna eða fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu er ívið minni en á ferðalögum en áhuginn á slíkum heimsóknum þó meiri í eigin bíl en í rútu.
- Þegar kemur að hreyfingu þá er áhuginn á Virkni og vellíðan og útivist mestur en áhuginn á stólaleikfimi minnstur, enda hentar sú hreyfing e.t.v. best elsta aldurshópnum sem er ekki nema um 12% svarenda.
- Um 7% svarenda hafa mikinn áhuga á að starfa fyrir félagið og það eru um 161 manns ef horft er til allra félagsmanna. Mikilvægt er að reyna að ná betur til þeirra og virkja.

Samantekt

- Tæp 20% segjast vegna kostnaðar hafa hætt við þátttöku í viðburðum á vegum félagsins. Það er vísbending um að verðlagning sé á nokkuð réttu róli en þó mætti skoða hvort hægt sé að lækka verð.
- Skoðanir á að félagskírteini sé eingöngu rafrænt eru nokkuð skiptar en þó er óhætt að fullyrða að það er meirihluti fyrir því. E.t.v væri skynsamlegt að bjóða upp á báða kosti eitthvað áfram.

Ábendingar úrvinnsluaðila

- Hugsanlega mætti kynna starfsemi félagsins betur meðal félagsmanna.
- Stjórn félagsins á ekki að gera alla hluti. Hvetja þyrfti félagsmenn meira til að stofna áhugamannahópa og kannski útbúa leiðbeiningar til félagsmanna í því efni.
- Sömuleiðis á félagið kannski ekki að standa fyrir öllu mögulegu ef hægt er að semja við aðra aðila um afslátt og/eða sjá um ákveðna hluti.
- Taka þarf tillit til þess að það er mikill munur á yngri hluta félagsmanna og þess eldri. Huga þarf að því að yngri hópurinn er kannski líkamlega virkari og getur ekki sótt viðburði sem eru á almennum vinnutíma.
- Í svörum kemur af og til fram að fólki finnst ekki nægjanlega vel tekið á móti því þegar það mætir á viðburði eða opin hús. Mikilvægt er að félagsmenn upplifi sig velkomna í bæði hópastarf og það starf sem félagið býður upp á. Stjórnin þarf að hvetja og leiðbeina stjórnendum áhugamannahópa um móttöku nýliða og rekstur áhugamannahópanna. Þeir eru að starfa innan vébanda félagsins og þurfa að gæta að vissum gæðum í starfseminni. Markmiðið á að vera að taka alltaf sérstaklega vel á móti nýjum þátttakendum.

Ábendingar úrvinnsluaðila

Í könnuninni kemur fram hafsjór hugmynda frá félagsmönnum, sem hægt er að nýta til að auka fjölbreytni og miða starfið meira við óskir félagsmanna. Nú er það stjórnar að nýta sér þessar ábendingar félaginu til framdráttar.